



Gleði – öRyggi - Vinátta

# Áfallaáætlun

# Áfallaáætlun GRV

## Inngangur

Mikilvægt er að starfsmenn skólans séu vel undir það búnir að takast á við erfiðleika sem fylgja áföllum af ýmsu tagi. Nauðsynlegt er að samkomulag og skýr vitneskja sé um hvernig skuli bregðast við. Áfallaáætlun þessi er hugsuð sem vinnuáætlun eða gátlisti um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig bregðast eigi við einstökum tilfellum. Alltaf er mjög mikilvægt að hafa í huga óskir fjölskyldna þeirra sem í hlut eiga, nemenda sem og starfsmanna.

## Áföll

Áföll og sorgarviðbrögð geta verið af ýmsum toga. Fólk sem hefur orðið fyrir áfalli sýnir mismunandi einkenni streitu og í mismiklum mæli. Oft er talað um annars vegar bráðaeinkenni og hins vegar langvarandi álag. Hvert sem áfallið er, er mikilvægt að allir starfsmenn skólans sýni barninu og/eða starfsmanninum nærgætni og tillitsemi og beri virðingu fyrir tilfinningum þeirra, hvernig sem þær brjótast út. Sorg er ekki einhver ein tilfinning, heldur tilfinningaferli sem tekur tíma að vinna úr og ekki er hægt að hraða því ferli. Þau áföll sem þessi áætlun nær til varða nemendur, aðstandendur þeirra og starfsmenn skólans

## Skilgreiningar á áföllum í skóla:

Ef nemandi, starfsmaður, forráðamenn eða systkini nemanda verða fyrir alvarlegu áfalli. Alvarleg áföll geta verið af völdum:

- Dauðsfalla
- Slys
- Alvarlegra og/eða langvarandi veikinda
- Líkamsárása
- Náttúruhamfara
- Kynferðisbrota
- Annars sem samkvæmt mati áfallateymis veldur áfalli hjá nemanda

## Í áfallateymi Grunnskólans í GRV eru:

- Skólastjórar Barna- og Hamarsskóla
- Deildastjórar
- Námsráðgjafi skólans
- Hjúkrunarfræðingur skólans
- Ritarar

## Með teyminu starfa eftir atvikum:

- Prestur
- Umsjónarkennari viðkomandi nemanda / kennarar
- Forráðamenn
- Skólasálfræðingur
- Starfsmenn fræðsluskrifstofu
- Starfsmenn bæjarskrifstofu
- Starfsmenn heilbrigðisstofnunar
- Lögregla og aðrir ráðgjafar

## Hlutverk áfallateymis:

- Áfallateymið sinnir fyrstu viðbrögðum við áfalli og ákveður fyrstu skref.
- Teymið starfar þar til viðeigandi stýrihópur hefur verið stofnaður eða þar til það álitur öll mál komin í ferli.
- Teymið sér til þess að nemendur og starfsfólk skólans fái viðeigandi þjónustu í kjölfar áfalls.
- Teymið hittist í byrjun hvers skólaárs og fara yfir áætlunina.

## Fyrstu viðbrögð vegna áfalls:

- Upplýsingar um áföll berast til skólastjóra eða staðgengils hans.
- Skólastjóri leitar staðfestingar hjá presti, lögreglu, aðstandendum eða öðrum.
- Skólastóri leitar heimildar til að fjallað verði um málið í skólanum.
- Skólastjóri kallar áfallateymi saman.
- Skólastjóri lætur bæjarstjóra/bæjaryfirvöld vita ef eðli atviksins er þannig.

## Aðgerðir áfallateymis eru að:

- Ákveða verkaskiptingu.
- Tryggja að náin skyldmenn hins látna/veika sem er við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.
- Tilkynna starfsfólki um áfallið.
- Fá fólk til starfa með teyminu, hringja í aðstoðarfólk ef með þarf.
- Tilkynna forráðamönnum nemenda sem málið varðar, um áfallið.
- Fá forráðamenn til að vinna með börnin (sálgæsla)
- Ákveða fyrirkomulag næstu skóladaga
  - Samvera inni í bekk (umsjónarkennari, skólastjóri og prestur)
  - Fundur á sal
  - Samverustund í skóla
  - Bænastund í safnaðarheimili

Áföllin eru flokkuð eftir því hvort þau tengjast nemendum eða starfsmönnum. Ávallt skal skoða öll atvik á sinn hátt, öll eru þau ólík á einn eða annan hátt og því þarf að athuga sérstöðu hvers máls fyrir sig.

## Viðbrögð við slysum:

### Minniháttar slys:

- Sá starfsmaður skóla sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn. Stjórn felst í því að sjá til þess að: þeim slasaða sé sinnt. kallað sé á hjálp og að nærstaddir séu róaðir.
- Umsjónarkennari/skólastjóri látnir vita og þeir láta síðan forráðamenn viðkomandi nemenda vita.
- Skólastjórnendur sjá til þess að slysaskráningarblað sé fyllt út.
- Farið yfir málið með starfsfólki.
- Umsjónarkennari ræðir við og vinnur með nemendum ef þurfa þykir.

### Alvarleg slys:

- 1. Sá sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn. Stjórn felst í því að sjá til þess að: • Slys sé tilkynnt í 112 • þeim slasaða sé sinnt. • kallað sé á hjálp. • nærstaddir séu róaðir.
- Skólastjórnendur safna staðreyndum um slysið, ef slys verður í skólaferð sjá umsjónarmenn ferðarinnar um þann þátt og upplýsa skólastjórnendur jafnóðum um gang mála.
- Skólastjórnendur kalla til aðstoðarmenn.
- Skólastjórnendur eða aðrir aðstoðarmenn tilkynna forráðamönnum viðkomandi nemenda um atburðinn.
- Fundur með kennurum og starfsfólki skóla þar sem farið er yfir staðreyndir málsins.
- Skólastjóri / umsjónarkennari hefur samband við bekkjafulltrúa sem láta aðra foreldra í bekknum vita.
- Aðstoðarmenn ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu.

## Alvarleg áföll

### Nemendur

### Viðbrögð vegna andláts nemanda:

- ☐ Forráðamönnum er tilkynnt um áfall og þeirra hlutverk er að tilkynna börnum sínum um áfallið.
- ☐ Séu nemendur í skóla þegar fréttir berast þá vinna skólastjóri, umsjónarkennarar, prestur og forráðamenn að tilkynningu.
- ☐ Ef nemandi verður fyrir áfalli í skólanum eða sýnir hegðun sem bendir til áfalls er mikilvægt að foreldri/forráðamaður sæki nemanda í skólann.
- ☐ Nemandinn má ekki ganga einn heim.
- ☐ Upplýsa þarf foreldra um viðbrögð barnsins við áfallinu og við hverju megi búast fyrst á eftir.
- ☐ Tryggja þarf að allir fari heim með eins réttar upplýsingar um atburði og hægt er.
- ☐ Meta þarf hvort rétt sé að senda bréf/skilaboð með helstu upplýsingum heim til nemenda.
- ☐ Samverustund í skóla skipulögð sérstaklega fyrir bekkjarfélaga.

### Þegar lengra líður frá: (gott að hafa í huga !)

- ☐ Umsjónarkennari sjái til þess að samúðarkveðja berist frá bekkjarfélögum.
- ☐ Skólastjóri og umsjónarkennari skipuleggi skrif á minningargrein.
- ☐ Umsjónarkennari sjái til þess að nemendur fái fræðslu um jarðarför.
- ☐ Ef nemendur vilja vera viðstaddir jarðarför þarf að undirbúa það vandlega í samráði við foreldra og aðstandendur.
- ☐ Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum og fái fagaðila með sér í lið eftir þörfum.
- ☐ Bænastund skipulögð í samráði við prest.

- ☐ Umsjónarkennari athugar í samráði við forráðamenn hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- ☐ Umsjónarkennari aðstoði nemendur að útbúa kveðjur frá bekkjarfélögum og/eða öllum skólafélögum.

### **Viðbrögð vegna alvarlegra slysa eða veikindum nemenda:**

- ☐ Skólastjóri, prestur, skólahjúkrunarfræðingur og umsjónarkennari greinir bekkjarfélögum frá staðreyndum.
- ☐ Ef umsjónarkennari óskar getur hann leitað aðstoðar annars starfsmanns og/ eða annars fagfólks.
- ☐ Ef nemandi verður fyrir áfalli í skólanum eða sýnir hegðun sem bendir til áfalls er mikilvægt að foreldri/forráðamaður sæki nemanda í skólann.
- ☐ Nemandinn má ekki ganga einn heim.
- ☐ Upplýsa þarf foreldra um viðbrögð barnsins við áfallinu og við hverju megi búast fyrst á eftir
- ☐ Tryggja þarf að allir fari heim með eins réttar upplýsingar um atburði og hægt er.
- ☐ Meta þarf hvort rétt sé að senda bréf/skilaboð með helstu upplýsingum heim til nemenda. Umsjónarkennari athugar í samráði við forráðamenn hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- ☐ Umsjónarkennari aðstoðar nemendur að útbúa kveðjur frá bekkjarfélögum. Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum.

### **Viðbrögð við öðrum áföllum sem snerta nemendur:**

- ☐ Fá samþykki frá fjölskyldu/aðstandendum eða prest varðandi það að upplýsa um atburðinn.
- ☐ Starfsfólki skal greint frá atburðinum.
- ☐ Umsjónarkennari og/eða annar fagaðili greinir frá atburðinum í bekknum/árgangi að nemanda fjarstöddum.
- ☐ Hafa skal samráð við viðkomandi fjölskyldu um viðbrögð og hvort þörf er á aðstoð fagaðila innan skólans.
- ☐ Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni.

## Starfsmenn

### Viðbrögð vegna andláts starfsmanns:

- ☐ Starfsfólki er tilkynnt um andlátið, skólastjóri og/eða fagfólk
- ☐ Forráðamönnum er tilkynnt um áfall og þeirra hlutverk er að tilkynna börnum sínum um áfallið.
- ☐ Séu nemendur í skóla þegar fréttir berast þá vinna skólastjóri, umsjónarkennarar, prestur og forráðamenn að tilkynningu.
- ☐ Ef nemandi verður fyrir áfalli í skólanum eða sýnir hegðun sem bendir til áfalls er mikilvægt að foreldri / forráðamaður sæki nemanda í skólann.
- ☐ Nemandinn má ekki ganga einn heim.
- ☐ Upplýsa þarf foreldra um viðbrögð barnsins við áfallinu og við hverju megi búast fyrst á eftir.
- ☐ Tryggja þarf að allir fari heim með eins réttar upplýsingar um atburði og hægt er.
- ☐ Meta þarf hvort rétt sé að senda bréf/skilaboð með helstu upplýsingum heim til nemenda.
- ☐ Samverustund í skóla skipulögð.

### Þegar lengra líður frá og/eða eftir aðstæðum:

- ☐ Skólastjóri sjái til þess að samúðarkveðja berist til fjölskyldu.
- ☐ Skólastjóri skipuleggur skrif á minningargrein.
- ☐ Umsjónarkennari sjái til þess að nemendur fái fræðslu um jarðarför.
- ☐ Ef nemendur vilja vera viðstaddir jarðarför þarf að undirbúa það vandlega í samráði við foreldra og aðstandendur.
- ☐ Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum og fái fagaðila með sér í lið eftir þörfum.
- ☐ Bænastund skipulögð í samráði við prest.
- ☐ Umsjónarkennari athugar í samráði við forráðamenn hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- ☐ Umsjónarkennari aðstoði nemendur að útbúa kveðjur frá bekkjarfélögum og/eða öllum skólafélögum.

### Viðbrögð vegna alvarlegra slysa eða veikindum starfsmanns:

- ☐ Skólastjóri, prestur, skólahjúkrunarfræðingur og umsjónarkennari greinir starfsfólki frá staðreyndum.
- ☐ Ef umsjónarkennari óskar getur hann leitað aðstoðar annars starfsmanns og/eða annars fagfólks.
- ☐ Ef nemandi verður fyrir áfalli í skólanum eða sýnir hegðun sem bendir til áfalls er mikilvægt að foreldri/forráðamaður sæki nemanda í skólann.
- ☐ Upplýsa þarf foreldra um viðbrögð barnsins við áfallinu og við hverju megi búast fyrst á eftir
- ☐ Tryggja þarf að allir fari heim með eins réttar upplýsingar um atburði og hægt er.
- ☐ Meta þarf hvort rétt sé að senda bréf/skilaboð með helstu upplýsingum heim til nemenda.

- ☐ Umsjónarkennari athugar í samráði við forráðamenn hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- ☐ Umsjónarkennari aðstoðar nemendur að útbúa kveðjur frá bekkjarfélögum.
- ☐ Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum.

### **Viðbrögð við öðrum áföllum sem snerta starfsfólk:**

- ☐ Fá samþykki frá fjölskyldu/aðstandendum eða prest varðandi það að upplýsa um atburðinn.
- ☐ Starfsfólki skal greint frá atburðinum.
- ☐ Hafa skal samráð við viðkomandi fjölskyldu um viðbrögð og hvort þörf er á aðstoð fagaðila innan skólans.
- ☐ Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni.

### **Að lokum**

Mikilvægt er að sýna nemendum, aðstandendum og öllum þeim er að fráfalli tengjast þá virðingu og tíma sem þarf. Ekki fara allir í sömu leið til að vinna sig úr sorginni og því ber að virða alla þær tilfinningar og leiðir sem einstaklingurinn fer.

Uppfærð 06.11.2024